



Almennar reglur um Smalaeðlispróf og fjárhundapróf HRFÍ

Smalaeðlispróf og önnur fjárhundapróf á vegum HRFÍ

Hundaræktarfélag Íslands eða Fjár- og hjarðhundadeild í umboði HRFÍ, geta haldið smalaeðlis- eða fjárhundapróf fyrir hundakyn af fjárhundakyni. Smalaeðlispróf miðar fyrst og fremst að því að kanna smalaeðli fjárhunds. Í fjárhundaprófi reynir meira á þjálfun og samvinnu manns og hunds. Fjárhundapróf HRFÍ fylgja FCI-reglum.

Prófin skulu auglýst með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara og í auglýsingu skal koma fram hvar prófið verður haldið, hver dæmir það og hvernig skráningu skuli háttáð.

Fjár- og hjarðhundadeild skal sækja um að halda prófið til stjórnar HRFÍ með góðum fyrirvara.

Fjár- og hjarðhundadeild, ber ábyrgð á undirbúningi þess, framkvæmd og frágangi gagna. Prófblað skal undirritað af dómara og vera í þremur eintökum. Keppandi fær eitt eintak strax að loknu prófi, ræktunardeild viðkomandi hundakyns fær eitt afrit og Fjár- og hjarðhundadeild geymir eitt afrit.

Skrifstofa HRFÍ gengur frá og sendir gögn til FCI vegna alþjóðlegra prófa.

Þátttakendur.

Allir ættbókarfærðir fjárhundar geta tekið þátt í smalaeðlis- eða fjárhundaprófi, en prófhaldara er heimilt að takmarka skráningu hverju sinni við ákveðið/ákveðin hundakyn og ákveðinn fjölda hunda.

Skráður hundur þarf að hafa náð 5 mánaða aldri daginn fyrir prófdag, vera heilbrigður og hlýða grunnskipunum, svo sem innkalli. Leiki vafi á almennri hlýðni hunds, getur dómari fyrirskipað að hundurinn skuli draga langan taum á meðan á prófinu stendur, eða að öðrum kosti, vísað hundinum frá prófi.

Lóðatíkum er heimil þátttaka, en þær skulu koma síðastar til prófs og gæta skal þess að þær komi ekki nálægt prófstað fyrr en aðrir hundar hafa lokið prófi.

Veikum, höltum, blindum, heyrnarlausum eða árásargjörnum hundum er ekki heimilt að taka þátt í smalaeðlis- eða fjárhundaprófi. Sama gildir um hvolpafullar tíkur sem gengnar eru meira en 28 daga á meðgöngu (talið frá fyrsta pörunardegi) og tíkur með hvolpa yngri en 56 daga. Dómara er heimilt að krefjast dýralæknisvottorðs ef hann er í vafa um heilbrigði hunds.

Prófgjald er ekki endurgreitt þótt hundur forfallist.

Allir hundar sem taka prófið skulu vera varanlega merktir með örmerki eða húðflúri og skal merkið lesið fyrir eða strax eftir prófið.

Dómari og ritari.

Þjóða skal viðurkenndum dómara að dæma próf með góðum fyrirvara.

Dómara er heimilt að velja ritara sér til aðstoðar.

Hvorki dómari né ritari má hafa átt hund sem þátt tekur í keppninni/prófinu, verið meðeigandi í honum, selt, haft í vörslu sinni eða þjálfað síðastliðna 6 mánuði

Aðstaða og prófsvæði.

Prófsvæði fyrir smalaeðlispróf, hvort sem er innan dyra eða utan, skal vera að lágmarki 20 X 20 metrar. Stærra svæði þarf þó að jafnaði fyrir rekandi fjárhunda.

Fyrir fjárhundapróf þarf svæðið að vera nógu stórt til að rúma úthlaup, yfirleitt að lágmarki 100 m að lengd.

Svæðið þarf að vera afgang og hættulaust fyrir fjárhund og búfé.

Áhorfendum er heimilt að standa við girðingu, nema dómari fari fram á annað. Hundar eru bannaðir við girðinguna meðal áhorfenda. Áhorfendum er stranglega bannað að trufla hund í prófi.

Búfé.

Í smalaeðlisprófi er heimilt að nota hvort sem er kindur eða endur. Tekið skal fram í prófauglýsingu hvaða búfé verður notað. Í fjárhundakeppnum skulu ávalt notaðar kindur.

Kindur sem notaðar eru, skulu vera heilbrigðar og mega ekki vera með lömbum eða gengnar lengur en þrjá mánuði með lömb.

Dómari skal ætíð taka tillit til viðmóts búfjár gagnvart hundi og gæta sanngirnis í dómum ef búféð er óvenju óstýrilátt.

Fyrir hvern hund þarf að minnsta kosti þrjár kindur og er einungis heimilt að nota sömu kindina þrisvar sinnum sama daginn og ekki oftari en tvisvar í röð og með a.m.k. 10 mín hvíld á milli. Sömu reglur gilda ef notaðar eru endur.

Mótmæli.

Vilji þátttakandi kæra dóm, eða telji hann að brotið hafi verið á sér á einhvern hátt, verður stjórn HRFÍ að hafa borist skrifleg kæra þess efnis innan þriggja sólarhringa frá prófdegi, ásamt kærugjaldi sem nemur tvöföldu skráningagjaldi og endurgreiðist aðeins ef kæran er tekin til greina.

Niðurstöðu dóms má einungis breyta í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef sýnt er fram á tæknileg mistök eða villu í dómnum
- b. Ef þátttaka hundsins fer gegn reglum HRFÍ.

Huglægt mat dómarans kemur því aldrei til endurskoðunar.

Stjórn HRFÍ tekur afstöðu til þess hvort breyta eigi niðurstöðu dóms skv. ofansögðu:

- a. Að frumkvæði stjórnar HRFÍ, skrifstofu HRFÍ eða eftir ábendingu dómarans sjálfs,
- b. Eftir mótmæli frá hundeiðanda sem telur á sér brotið.

Mat á smalaeðli.

Í smalaeðlisprófi er ekki gefin einkunn, heldur stenst hundur prófið eða stenst ekki.

Í prófinu vill dómariinn sjá hundinn hafa einlægan áhuga á að smala búfénu til eiganda síns eða /frá (rekstrarhundar) og halda búfénu þar og/eða(rekstrarhundar) reka féð með eiganda sínum í þá átt sem eigandinn vill og prófdómari stjórnar.

Eigandi hunds á að getað kallað hundinn til sín frá búfénu og sent hann aftur í búféð.

Um frekari kröfur vísast í prófblað HRFÍ um smalaeðlispróf.

Mat á fjárhundaprófi.

Um fjárhundapróf vísast í reglugerðir FCI þess efnis.

14.apríl 2009. Stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ.

Virðingarfyllst, Lára Birgisdóttir, formaður.